Knapamerki - markviss menntun í hestamennsku

Þjálfunarstig knapa

Um langann tíma hefur hugmyndafræðin um þjálfunarstig hestsins verið höfð til hliðsjónar við þjálfun hrossa en minna hefur verið fjallað um þjálfunarstig knapans. Því leggja Knapamerkin áherslu á faglega uppbyggingu reiðmannsins í gegnum öll 5 stigin.
Knapamerkin fjalla um stigvaxandi menntun hestamannsins og veita faglegan og breiðan grunn í reiðmennsku og meðferð hrossa. Ef vel á vera þróast reiðmaður allt sitt líf en líkt og með tamningu hrossa býr lengi að fyrstu gerð.

Hvað þarf til

Tvö grundvallaratriði þarf til svo að vel takist og nemandinn geti þróast á skilvirkan hátt. Annarsvegar, þarf faglærður reiðkennari að leiðbeina og miðla þekkingu þannig að hún efli færni knapans á uppbyggilegan hátt. Hinsvegar þarf vel taminn og gangóðan hest sem mögulegt er að læra af sem og leiðbeina. Regluleg ástundun og markviss þjálfun sem bætir færni knapans í reiðmennsku eru síðan forsenda framfara.

Námsmarkmið

Á fyrstu stigum er lögð áhersla á að knapinn öðlist stjórn á líkama sínum þannig að hann geti haft næm samskipti við hestinn. Með vaxandi færni getur knapinn haft aukin áhrif á hestinn og beðið um meiri afköst.
Eftir 5. stig á knapinn að vera í stakk búinn til þess að þjálfa taminn hest upp á efri þjálfunarstig. Einnig á 5. stigið að leggja grunninn að því að knapinn geti lagt fyrir sig frekara nám í tamningum og þjálfun ungra hesta.

Góðir hlutir gerast hægt

Gömlu reiðmeistarnir sögðu að það tæki 200 ár að verða góður reiðmaður og vildu með því benda nemendum sínum á að flýta sér hægt og halda allt sitt líf áfram að þróa reiðfærni sína.
Kennsla Knapamerkjanna er miðað út frá því að þau séu kennd yfir lengra tímabil, einkum á efri stigum. Þannig er stuðlað að aukinni ástundun og þjálfun í reiðmennsku samfara aukinni þekkingu og færni. Kröfur í Knapamerkjaprófum eru stigvaxandi í samræmi við æskilega þróun knapans og eru kröfurnar undir sífelldu gæðaeftirliti.

Áherslur og þróun í verklegri kennslu Knapamerkja



Áherslur í hverju stigi

1. stig

Mikilvægt er að nemandinn hafi tamið sér rétt og nákvæm vinnubrögð í umgengni við hesta sem og umönnun þeirra. Það þarf að vera gott samspil á milli knapa og hests í teymingum við hlið og knapinn þarf að hafa náð góðu jafnvægi í einföldum sætisæfingum.

	Stig 2	Stig 3	Stig 4	Stig 5
Mismunandi Ásetur	**Hálflétt áseta á brokki** Knapinn hallar efri hluta líkamans um 30°fram og beygir sig í mjöðmum. Sitjandinn nemur varla við hnakkinn en reiðbuxurnar eiga að snerta hnakkinn. Fætur og kálfar eru beint undir jafnvægispunkti og virka sem höggdeyfar. Hællinn er aðeins lægri en ístöðina og fjaðrar mjúklega. **Grunnur í stígandi ásetu** Æskilegt er að knapinn stígi rétta skástæðu, en það er ekki til frádráttar þó lítilsháttar mistök verði við að fylgja takti. **(Lóðrétt áseta á tölti – valkvæmt)**	**Rétt stígandi áseta** Knapinn þarf að stíga rétta skástæðu, vera að mestu öruggur á takti og kann að skipta vel um skástæðu í x. **Lóðrétt áseta á brokki, tölti og feti** Knapinn situr beint yfir hestinum með jafna þyngd á báðum setbeinum. Þyngdarpunktur er á milli baks og nafla. Bein lína er í gengum hæl, mjöðm, öxl og eyra. Ístöð í réttri lengd og fætur liggja slakir niður með síðum hestsins. Knapinn fylgir vel hreyfingum hestsins án þess að trufla hann. Knapinn horfir fram og þangað sem hann ríður.	**Góð og taktföst stígandi áseta** Knapinn þarf að stíga rétta skástæðu og er fær um að halda auðveldlega takti. Léttleiki á að skína af ásetunni. **Lóðrétt áseta eða hálflétt áseta á stökki**	**Lipur og falleg stígandi áseta** Hann stígur mjög lipurlega og ásetan er falleg. Takturinn er mjög góður og knapinn skiptir um skástæðu lipurlega. **Lóðrétt áseta á stökki**

ÁSETA	**Jafnvægi í ásetu** Knapinn hefur gott jafnvægi og fylgir vel hreyfingum hestsins. Hann situr beint yfir hestinum og hefur jafna þyngdardreifingu. Hann horfir beint fram og þangað sem hann er að fara. => Knapinn er góður farþegi = hann gerir hestinum auðvelt að bera sig og truflar ekki jafnvægi hans.	**Óháð og fylgjandi áseta** Knapinn er í góðu jafnvægi og fylgir mjúklega heyfingum hestsins. Knapinn hefur öðlast aukna líkamsstjórnun og nær að halda jafnvægi á milli mýktar og stinnleika í ásetunni.	**Fylgjandi áseta með grunnvirkni** Knapinn er mjúkur í skrokknum en samt stinnur og fylgir vel hreyfingum hestsins. Hægt er að sjá grunnvirkni í ásetu knapans sem hefur jákvæð áhrif á heyfingar hestsins.	**Virkni í ásetu** Knapinn er mjúkur í skrokknum en samt stinnur og fylgir hreyfingum hestsins vel og á fallegan hátt. Knapinn nær að beita ásetunni í auknu mæli til þess að hafa jákvæð áhrif á hreyfingar hestsins.
TAUMSAMBAND	**Létt taumsamband** Samband milli handar knapans og munns hestsins er ávallt létt. Í léttu taumsambandi getur taumlásinn aðeins hangið niður en taumurinn á samt ekki að vera slakur. Þó að taumsambandi rofni inn á milli nær knapinn að takka upp létt samband aftur sem fyrst. **Slakur taumur** Taumlás hangir alveg niður og það er ekkert taumsamband. Hesturinn þarf að vera rólegur, spennulaus og sáttur. **Leiðandi taumur** Leiðir hestinn til hliðar og hann beygir Knapinn færir höndina út og til hliðar.	**Mjúkt taumsamband** Samband á milli munns hestsins og handar knapans er mjúkt, eftirgefanlegt og að mestu jafnt. Taumsambandið þarf ekki enn að hafa mótandi áhrif á form hestsins þó þarf yfirlínan að vera stífnilaus.	**Lipurt taumsamband** Samband á milli munns hestsins og handar knapans er mjúkt og lipurt. Knapinn nær að fylgja hestinum vel í öllum verkefnum og fer að hafa meira mótandi áhrif á yfirlínu og form hestsins.	**Stöðugt og næmt taumsamband** Samband á milli munns hestsins og handar knapans er stöðugt og næmt í öllum verkefnum. Knapinn hefur mótandi áhrif á yfirlínu og form hestins á næman hátt.

YFIRLÍNA	---------	**Stífnilaus yfirlína** Hesturinn teygir hálsinn og ennið fram þannig að bakvöðvar geti unnið rétt. Hesturinn má bera höfuð frjálslega og má vera opinn í kverk án frádráttar. Formið á að vera stöðugt og hesturinn teygi sig fram í mjúkt taumband.	**Mjúk yfirlína** Hesturinn teygir ennið fram og er mjúkur í kverk. Hesturinn vinnur rétt með bakinu. Orkan úr afturfótunum skilar sér fram í mjúkt taumsamband. Form hestsins er stöðugt og yfirlínan mjúk en hesturinn þarf þó ekki að vera alveg við taum.	**Við taum** Hesturinn er við taum þegar hann samþykkir næmt og stöðugt taumsamband með rétta hvelfingu og hliðarsveigju eins og knapinn krefst af honum.







TAKTUR OG GÆÐI GANGTEGUNDA	Viðunandi taktur, eðlisjafnvægi. Litið er framhjá einstaka mistökum (ójafnvægi)	Hesturinn á að vera öruggur á öllum gangi og vera í sínu eðlisjafnvægi. Taktur á að vera að mestu hreinn og grunnvirkni í gangtegundum.	Hreinn taktur og góður hrynjandi. Gott jafnvægi, góð skreflengd að mestu. Góð meðalvirkni í gangtegundum.	Hreinn og góður taktur og góður hrynjandi. Jöfn og góð skreflengd. Góð virkni í gangtegundum.
REIÐLEIÐ	Góð stefnustjórnun	Rétt reiðleið, hesturinn þarf að vera í jafnvægi, ganga beinn og rétt sveigður á beygðu spori. Hægt er að fá 10 þó að reiðleiðir séu ekki alveg nákvæmar.	Góðar reiðleiðir og aukna nákvæmni. Hesturinn í jafnvægi, hann gengur beinn og er rétt sveigður á beygðu spori.	Nákvæmar reiðleiðir yfir allt verkefnið.
ÆFINGAR	Undirbúningur	Grunnæfingar	Góðar æfingar	Nákvæmar æfingar
SAMSPIL MANNS OG HESTS	**Góður farþegi – gott samstarf** Knapinn er góður farþegi, Knapinn og hesturinn eru í andlegu og líkamlegu jafnvægi. Knapinn og hesturinn kunna hamlandi og hvetjandi ábendingar - gott samstarf	**Gott samspil, uppbyggileg þjálfun** Knapinn er í góðu jafnvægi. Hann er farinn að halda í auknu mæli utan um hestinn sem kemur fram í góðri hraða- og stefnustjórnun. Byrjun á samspil ábendinga. Þjálfunin á að vera að mestu uppbyggileg.	**Grunnvirkni í reiðmennsku** Knapinn hefur góð stjórn á ásetunni og góða hraða- og stefnustjórnun á hestinum. Hann getur hjálpað hestinum í rétta líkamsbeitingu með því að virkja afturpartinn í auknu mæli. Gott samspil ábendinga.	**Virkni og leikni í reiðmennsku** Knapinn situr fallega og ásetan er virk. Knapinn sýnir leikni í stjórnun hestsins – næmni, léttleika og mjög gott samspil ábendinga. Líkamsbeiting hestsins er góð á öllum gangtegundum og afturpartinn er virkur.